Reykjavík 26. janúar 2018.

Skrifstofa bæjarstjóra

Strandgötu 6,

220 Hafnarfirði.

Efni:Lántökuheimild.

Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um að leita skal heimildar sveitarstjórna þegar um veigamiklar fjárskuldbindingar er að ræða. Í ljós þess að ljúka þarf uppgjöri við Brú lífeyrissjóð, er óskað eftir heimild til lántöku til að ganga frá uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Á stjórnarfundi Strætó 19. janúar síðastliðnum samþykkti stjórn meðal annars að fela framkvæmdastjóra að tryggja fjármögnun á uppgjöri við sjóðinn.

Í samræmi við útreikninga Brú lífeyrissjóðs, sjá tölfu, þar sem framlag Strætó vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum við sjóðinn liggur fyrir, óskar stjórn Strætó, eftir heimild frá eigendum til lántöku allt að einum milljarð króna, (1.000.000.000) til að ganga frá greiðslu uppgjörs við sjóðinn. Gjalddagi greiðslunnar er 15. febrúar næstkomandi. Strætó mun leita fjármögnunar hjá lánasjóði sveitarfélaga þegar heimild liggur fyrir.

Eigendur Strætó bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess í samræmi við ákvæði stofnsamning Strætó bs. frá 7. maí 2001. Sambærilegt erindi er sent til allra sveitarstjórna sem eru eigendur Strætó bs.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Svavar Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó bs.

Tafla.

| Strætó bs. | Heild skv. Frétt Brú | Hlutur Strætó, skv. Brú | Hlutur Strætó |
|---|---|---|---|
| *Jafnvægissjóður** | | *1,67%* | *166.310.579* |
| Jafnvægissjóður | 9.958.717.284 | 0,72% | 71.958.700 |
| Lífeyrisaukasjóður | 27.260.749.984 | 2,64% | 720.257.727 |
| Varúðarsjóður | 3.015.817.522 | 2,57% | 77.487.485 |
| | **40.235.284.790** | **2,57%** | **1.035.876.656** |

* launakeyrslur í umsjón Reykjavíkurborgar